

# Ársskýrsla hestamannafélagssins Sleipnis árið 2017

**Æskulýðsnefndin er nú skipuð eftirfarandi einstaklingum:** Hrönn Bjarnadóttir, Jóna Þórunn Ragnarsdóttir, Tone Marit Torgeirsdóttir, Linda Rut Ragnarsdóttir og Valborg Tryggvadóttir

## Vetrarstarfið

Kynningarfundur á fyrirhuguðu vetrarstarfi Æskulýðsnefndar Sleipnis var haldinn þann 11. janúar 2017 í félagsheimili hestamanna, Hliðskjálfi á Selfossi. Ný æskulýðsnefnd var kynnt fyrir gestum kvöldsins, farið yfir starf komandi vetrar og óskað eftir hugmyndum frá krökkunum. Þökkaleg mæting var á fundinn sem lauk með pizzapartýi.

Reiðnámskeið hófust 30. og 31. janúar og stóðu yfir í 8 vikur; mæting einu sinni í viku í Reiðhöll Sleipnis. Börnunum var boðið upp á tvenns konar námskeið: a) **Leikir/fjör/fræðsla** sem var almennt reiðnámskeið með áherslu á leik og þrautir í bland við fræðslu og b) **Einstaklingsmiðað námskeið** þar sem nemendur unnu markvisst með sinn eigin hest og vandamál í samskiptum sínum við hestinn. Kennarar voru í Reiðhöll Sleipnis á mánudögum frá kl.17-21 og þriðjudögum frá kl. 17-22. Þátttakendur á þessum námskeiðum voru 41 barn. Reiðkennarar voru Elsa Magnúsdóttir og Bjarni Sveinsson. Á þessum námskeiðunum var einnig boðið upp á kaffi og meðlæti fyrir börn og foreldra sem Æskulýðsnefndin fékk sem styrk frá Guðnabakarí á Selfossi. Meðlimir æskulýðsnefndar skiptust á að opna/læsa Reiðhöllinni og hella upp á kaffi og gera meðlætið klárt.

Um mánaðamótin apríl/mái var boðið upp á áframhald af Almennu reiðnámskeiðunum (4 skipti) og **Keppnisnámskeið**. Þátttakendur á Almennu námskeiðunum voru 18 en engin þátttaka var á keppnisnámskeiðinu.

**Hestafjör 2017** var haldið sunnudaginn 30. apríl. Æfingar fyrir þessa hátíð hófust 18. apríl og voru 4 æfingar í Reiðhöll Sleipnis fram að sýningu. Kennari/þjálfari var Elsa Magnúsdóttir. Á þessar æfingar skráðu sig 32 börn sem skipt var í 4 hópa en einnig komu fram hópar frá Fjölbrotaskóla Suðurlands, nemendur af Hestabraut. Þessi hátíðisdagur hófst samkvæmt dagskrá kl. 10 í Reiðhöllinni á fánareid nokkurra ungmenna og ávarpi formanns Sleipnis, Magnúsar Ólasonar. Síðan hófust sýningaratriðin, hvert öðru skemmtilegra. Fyrsti hópurinn var klæddur sem persónur úr **Trolls**. Síðan komu **Indíanar**, þá **Fínar frúr og herra menn** og loks **Lopapeysugengið**. Því næst sýndi hópur nemenda á Hestabraut Fsu atriðið sitt. Í hléi var gestum boðið að kaupa kaffi og meðlæti og rann innkoma sjoppunnar til æskulýðsnefndarinnar. Eftir hlé skemmti Jón Víðis, töframaður og sprellaði með áhorfendur eins og honum er einum lagið. Þegar dagskráin í Reiðhöllinni var tæmd var þátttakendum, foreldrum og þeim sem lögðu hönd á plóg boðið í pylsupartí þar sem Sláturfélag Suðurlands bauð upp á pylsurnar en æskulýðsnefndin sá um afganginn þ.e. drykki, pylsubrauð og

tilheyrandi. Margir hjálpuðust að við að gera þennan dag sem skemmtilegastan: sýnendur, kennarar/þjálfarar, þulurinn Elísabet Sveinsdóttir, tæknimaðurinn Guðmundur Bjarnason, æskulýðsnefnd og margir fleiri. Skemmtilegur dagur og vel heppnaður í alla staði.

Hefð hefur verið fyrir því að æskulýðsnefndin sjái um að útvega fólk í fánareið **1. maí** kröfugöngu verkalýðsfélaganna í sveitarfélaginu og bjóði síðan börnum á hestbak að loknu kaffisamsæti. Að þessu sinni voru fjórir hestamenn/fánaberar sem riðu fyrir kröfugöngunni og var riðið/gengið eftir aðalgötunni, frá húsnæði verkalýðsfélaganna að Austurvegi 56-58 og til Hótel Selfoss þar sem verkalýðsfélögin buðu í kaffi. Æskulýðsnefndin bauð síðan gestum að koma í Reiðhöll Sleipnis þar sem teymt var undir börnum frá kl. 12:30 – 14:30. Þetta mæltist mjög vel fyrir hjá gestum, teymt var á fjórum hestum í einu og allir voru mjög ánægðir að vera inni í hlýjunni í Reiðhöllinni.

**Sameiginlegur fjölskyldureiðtúr Sleipnis, Háfeta og Léttis** var haldinn af Ljúfsfélögum í Hveragerði þann 20. maí. Lagt var af stað frá Sogni í Ölfusi og endað í hesthúsahverfinu í Hveragerði þar sem grillaðar voru pylsur ofan í reiðmenn og konur. Síðan var riðin sama leið aftur út að Sogni. Þetta var mjög skemmtilegur reiðtúr í frábæru veðri. Þátttakendur voru samtals 13 frá Ljuf og Sleipni.

**Óvissuferð** æskulýðsnefndar var farin fimmtudaginn 24. maí. Lagt var af stað frá félagsheimilinu Hliðskjálfr kl. 9:00 í 40 manna rútu. Farþegar voru 39 og borguðu fullorðnir kr. 1500 og börn kr. 1000 upp í rútukostnað. Fyrsta stopp var í Vorsabæ á Skeiðum, hjá Stefaníu Sigurðardóttur og Birni Jónssyni. Þau sýndu okkur húsdýr sem þau eru með s.s. hesta, geitur, kindur, ketti og hunda og fengum við líka að borða nestið okkar (samloku og/eða flatköku og drykk), sem æskulýðsnefndin hafði útbúið, í reiðskemmum hjá þeim. Því næst keyrðum við að næsta bæ, Birnustöðum og gengum upp í gil við bæinn sem heitir Úlfsgil og skoðuðum fallegan foss sem þar er. Þar bilaði rútan og okkur var send önnur rúta þannig að við vorum ekkert að flýta okkur í göngunni. Um eittleytið borðuðum við grillaðar pylsur í Haukadalskógi og allir fengu líka drykk og nammi. Þar léku börnin börnin sér í smá tíma og síðan var farið í Efsta-Dal þar sem allir fengu ís. Því næst fóru allir í sund á Borg í Grímsnesi. Um klukkan hálf sjö lentum við á Selfossi og borðuðum pizzu í félagsheimilinu og síðan fóru allir heim eftir vel heppnaðan dag í góðu veðri.

17. júní. Æskulýðsnefnd hestamannafélagsins Sleipnis hefur séð um afþreyingu/skemmtun fyrir börnin á þessum degi í mörg ár. Þessi viðburður var á dagskrá frá 10-12 í Reiðhöllinni og voru 6 hestar notaðir. Þetta er alltaf mjög vinsælt og var biðröð nánast allan tímann. Einnig sér Æskulýðsnefndin um að finna knapa til að taka þátt í skrúðgöngu á 17. júní og að þessu sinni voru knaparnir tveir.

Fimmtudaginn 31. ágúst tók Æskulýðsnefnd Sleipnis þátt í svokallaðri „**Tómstundamessu**“ sem sveitarfélagið Árborg stóð fyrir. Var hún haldin í íþróttahúsinu í Vallaskóla í samstarfi við grunnskóla, íþróttafélög, æskulýðsfélög og

aðra aðila sem vinna með tómsundur barna á leik- og grunnskólaaldri í sveitarfélaginu. Öllum aðilum sem vinna með frítíma barna og unglínga var boðið að koma og kynna starfsemi sína fyrir börnum í grunnskólum og elstu bekkjum leikskóla og foreldrum þeirra. Kynningarnar stóðu yfir frá 10:00 – 18:30.

Einn viðburður er enn eftir á þessu starfsári en það er **Uppskeruhátíð** æskulýðsnefndar Sleipnis sem verður haldin 25. október. Þar eru veittar viðurkenningar fyrir þátttöku á námskeiðum, kennurum þökkuð þeirra vinna o.s.frv. Þessi hátíð endar á pizzuveislu að þessu sinni.

Fyrir hönd æskulýðsnefndar Sleipnis  
Hrönn Bjarnadóttir